

Framboð til kirkjuþings

Áslaug I. Kristjánsdóttir

4. kjördæmi
Vesturlandsprófastsdæmi

Áslaug I. Kristjánsdóttir heiti ég og hef ákveðið að bjóða mig fram að öðru sinni til setu á kirkjuþingi Þjóðkirkjunnar í kosningunum 7. - 12. maí næstkomandi.

Ég bý ásamt eiginmanni mínum Skarphéðni Elvari Skarphéðinssyni í Stykkishólmi, við eigum þrjú uppkomin börn, Aðalbjörgu, Kristján Lár og Áslaugu Elvu, barnabörnin eru orðin fimm.

Ég hef verið í sóknarnefnd Stykkishólms sóknar frá 2015, formaður frá 2016 kirkjuvörður Stykkishólmskirkju frá 2016 til 2024 ásamt því að vera í stjórn Gömlu kirkjunnar í Stykkishólmi og í stjórn kirkjugarðsins og utanumhald þar. Nefnd fyrir orgelkaupum og í stjórn kórs Stykkishólmskirkju og sungið þar.

Mér þykir ofur vænt um kirkjuna og vil veg hennar sem mestan og bestan.

Við höfum ekki farið varhluta af því að kirkjusókn hefur aukist undanfarin misseri það er mikið gleðiefni, stuðla þarf að því að það haldist á þeirri leið.

Það þarf að efla frekara lýðræði innan kirkjunnar og auka áhuga unga fólksins, fá yngra fólk að. Breyta þarf áherslum og starfsreglum til að það sé á kirkjuþingi með atkvæðisrétt.

Það sem stendur hjarta mínu næst og ég vil halda áfram að stuðla að er að efla kirkjusókn enn frekar, efla grasrótina og starfið heima í sóknunum.

Það hefur sýnt sig að það hefur gengið erfiðlega að fá presta út á land og eftir að það er ekki lengur svo að prestbústaðir séu til staðar allsstaðar, þar vantar eitthvað sem laðar ungt barnafólk á landsbyggðina.



Nú hafa Leikmannastefnan og Sóknasambandið runnið í eina sæng og þar er ætlunin að að halda því áfram að gera allt sem hægt er til að sóknargjöldin nái því að vera eðlileg og taki hækkunum sem löngu eru orðnar tímabærar. Það verður erfiðara og erfiðara fyrir sóknir að standa undir því sem við, Þjóðkirkjan, eigum löglega að gera og standa fyrir þ.e. að breiða út fagnaðarerindið og þjóna öllum okkar sóknarbörnum og laða fleiri að.

Seta mín á síðastliðnu kirkjuþingi hefur verið lærdómsrík og þarna hef ég kynnst frábæru fólki, það er nóg af verkefnum sem bíða þess að komast í réttlátara horf.

Lifið heil.